

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Viðburðastjórn Ráðhúss

---

### *Tillaga Forseta borgarstjórnar um að fundið verði rými í Ráðhúsinu sem almenningur geti leigt út fyrir athafnir á borð við hjónavígslur*

Á fundi forsætisnefndar 15. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Forseta borgarstjórnar:

Lagt er til að fundið verði rými í Ráðhúsinu sem almenningur geti leigt út fyrir athafnir á borð við hjónavígslur. Viðburðarstjóra Ráðhússins er falið að semja reglur um útleigu og verðskrá vegna hennar. Greinargerð: Rík hefð er fyrir því í öðrum löndum á borgaralegar athafnir, á borð við hjónavígslur og nafngiftir, fari fram í ráðhúsum borga, þá jafnvel þannig að starfsfólk sveitarfélagsins eða í einhverjum tilfellum bæjarstjórar gefi saman brúðhjón. Hér á landi er lagaumgjörðin önnur en engu að síður er að mati tillöguflytjenda eftirspurn eftir hátíðlegu rými í Reykjavík sem hefur skírskotun í borgaraleg, veraldleg og lýðræðisleg gildi þar sem þau sem það kjósa geti varðað mikilvæga áfanga í lífinu í umhverfi sem ekki er tengt einstaka trú- eða lífsskoðunarfélagi. Ein hugmynd um slíkt rými er salurinn sem snýr að Reykjavíkurtjörn og hefur í gegnum tíðina hýst kaffihús og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Slíkt rými gæti til dæmis nýst þeim sem vilja gefa sig saman hjá sýslumönnum eða hjá trú- og lífsskoðunarfélögum sem ekki búa yfir sérstöku húsnæði. Í upphafi væri hægt að gera með tilraun um einn dag í viku og auka við ef áhuginn reynist mikill.

Með bréfi dagsettu 5. desember 2019 var fyrirspurnin send Viðburðastjórn Ráðhúss til umsagnar.

Viðburðastjórn Ráðhúss leggur til að samþykkt verði tillaga þess efnis að almenningur geti leigt út rými í Ráðhúsinu fyrir hjónavígslur. Hægt verði að leigja fundarherbergin Turn og Tjarnarbúð sem og Tjarnarsal og Borgarstjórnarsal. Einnig er lagt til að rýmið á 1. hæð Ráðhúss sem nú kallast Pollurinn, og er hugsað sem aðstaða fyrir starfsmenn, verði þar undanskilið.

Viðburðastjórn leggur jafnframt til að hjónavígslur í Ráðhúsi verði tilraunaverkefni til eins árs innan Viðburðastjórnar Ráðhúss. Að þeim tíma loknum verði fyrirkomulagið endurskoðað og ákveðið hvar umsjón og ábyrgð á verkefninu skuli liggja.

Nánari tilhögun:

- Beiðni þurfi að berast á tilteknu eyðublaði sem finna má á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
- Viðburðastjórn Ráðhúss haldi utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.
- Hægt verði að leigja umrædd rými á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 10:00-15:00 að hámarki í eina klukkustund.
- Verð yrði 20.000 auk vsk. og starfsmaður Ráðhúss þyrfti ætíð að vera viðstaddur.
- Greiðslufyrirkomulag verði með þeim hætti að gefnir væru út sölureikningar og einnig verði skoðað hvort möguleikar væru á rafrænni greiðslu.
- Leyfilegt væri að skála að athöfn lokinni.
- Ekki verði leyfilegt að vera með hrisgrjón, sápukúlur, glitpappír og þess háttar.

Fyrir hönd Viðburðastjórnar Ráðhúss

Dagný Ingadóttir

Hjálagt:

Drög að eyðublaði um beiðnir um rými í Ráðhúsi Reykjavíkur vegna hjónavígslu

## Beiðni um rými í Ráðhúsi Reykjavíkur vegna hjónavígslu

- Nafn
- Netfang
- Netfang staðfest
- Sími
  
- Dag- og tímasetning hjónavígslu
- Fjöldi viðstaddra?
  
- Rými. (Flettilisti)
  - Turn. Hámark 10 manns.
  - Tjarnarbúð. Hámark 20 manns.
  - Tjarnarsalur austur.
  - Borgarstjórnarsalur.
  
- Greiðsluupplýsingar.
  - Kennitala
  - Heimilisfang
  
- Frekari upplýsingar
  
- Fylgigögn í tengslum við beiðnina
- Annað